

Stefna Reykjalundar í eineltismálum, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Öllu starfsfólki Reykjalundar ber að sýna samstarfsfólki sínu virðingu og háttsemi í samskiptum, virða skoðanir þeirra og þekkingu og hafa vilja og hæfni til samstarfs.

Undir engum kringumstæðum eru einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða ofbeldi umborin hjá starfsmönnum Reykjalundar. Meðvirkni starfsmanna í þessu tilliti er litin sömu augum.

Það telst vera einelti þegar einn eða fleiri einstaklingar sýna öðrum einstaklingi eða einstaklingum, reglubundið og yfir langt tímabil, neikvæða framkomu sem hann eða þeir eiga erfitt með að verjast. Þá er um að ræða hegðun sem veldur þolenda reiði, ótta og almennri vanlíðan.

Kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Ekki er átt við árekstra eða skoðanaágreining sem annað slagið kann að rísa milli stjórnenda og starfsmanna eða milli tveggja eða fleiri starfsmanna.

Þeir sem hafa orðið fyrir eða hafa vitneskju um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða ofbeldi á stofnuninni ber að tilkynna það og stuðla að því að tekið sé á málinu.

Gripið verður til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, beita kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða ofbeldi ef ekki finnst úrlausn mála, t.d. með áminningu, tilflutningi í starfi eða uppsögn.

Komi upp falskar ásakanir um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða ofbeldi er það ekki liðið og skal tekið á þeim af sömu festu og einelti almennt.